

gallerí
KLAUSTUR
2007

Claudia Schindler

Íslandsstúdíur

29.9. - 30.9



Íslandsstúdíur
29.9 - 30.9

Claudia Schindler hefur dvalið í gestabúðinni Klaustrinu á Skriðuklaustri nú á haustdögum. Við lok dvalarinnar heldur hún hér litla sýningu með nokkrum myndum og teikningum sem hún hefur unnið á dvalartímanum. Um tilurð myndanna og teikninganna hefur hún þetta að segja:

Á ferðum mínum um Ísland leynast ætíð blýantur, akvarelllitir og teikniblokk í farangrinum. Valið er alltaf erfitt: Á ég að koma mér vel fyrir í náttúrunni og teikna og mála eða á ég að láta mér nægja að horfa og meðtaka? Það verður ofan á að horfa og meðtaka og því hef ég aldrei annað með mér heim en nokkrar fíjóttrissaðar skissur.

Dvölin á Skriðuklaustri hefur gefið mér tækifæri til að vinna á listrænan hátt að einum stað. Ég notaði tímann til að innbyrða landslagið vandlega, virða fyrir mér leiki ljóss og forms. Afrakstur dvalarinnar eru nokkur blöð og þótt þau séu næsta ósjálfráðar og jafnvel brotakenndar stúdíur eru þau mér æfingar, stundarskrásetning og minnishjálp. Með því að teikna, mála, horfa og meðtaka hafa litir og form, sem umbreytast stöðugt fyrir áhrif veðurs og birtu í nýjar myndir, greipst í huga minn. Hið eiginlega verkefni bíður mín heima í Þýskalandi þar sem ég mun vinna úr þessum skissum og stúdíum.

Ég er mjög þakklát fyrir dvölinu á Skriðuklaustri og hlakka til að uppgötva hvaða áhrif dvölin mun hafa á list mína.

CLAUDIA SCHINDLER



Claudia Schindler

Fæddist 1949 í Hamborg í Þýskalandi. Í dag er hún sjálfstætt starfandi myndlistarmaður og notar jöfnum höndum grafík og liti. Claudia býr og starfar í Mertendorf bei Trier.

Menntun / Ausbildung

Nám í Grafík-Design Fachhochschule í Trier, 1967-71.

Meistaránám hjá prófessor Hugo Ritter, Trier.

Aðstoðarmaður og stundakennari við Fachhochschule Trier.

Verkefni / Tätigkeiten

Vísindalegar teikningar í sambandi við fornleifafræðilega útgáfu og sýningu. Myndskreytingar í riti fyrir börn sem fylgdi sýningunni: *Dýramyndir fjögurra alda*.

Einkasýningar / Solo Ausstellungen

Claudia hefur haldið einkasýningar í Trier, Hermeskeil, Mertendorf og nú í gallerí Klaustri, Skriðuklaustri.

Samsýningar / Ausstellungen mit anderen

Claudia hefur haldið samsýningar í Baden-Baden, Bad-Godesberg, Crillou le Grave (Frakklandi), Fürstenfeldbruck, Igel, Mlada Bolislav (fyrrv. Tékkóslóvakíu).

Nánari upplýsingar um Claudiu má finna á:

www.claudia-schindler.com

*Claudia Schindler
Hauptstraße 69
54318 Mertendorf
Deutschland*